



STJÓRN SSH 467. fundur

Mánudaginn 11. febrúar 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir og Gunnar Einarsson.

Fjarverandi: Dagur B. Eggertsson og Karl M. Kristjánsson.

Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið: Fulltrúar Strætó bs., Björg Fenger stjórnarformaður, Jóhannes Rúnar Svavarsson framkvæmdastjóri og Erlendur Pálsson sviðsstjóri farþegaþjónustu. Ennfremur sat fundinn Sigurbjörg Fjölvisdóttir sem fulltrúi vinnuhóps velferðarsviða vegna endurskoðunar á sameiginlegum reglum og þjónustulýsingar vegna ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Gerð var grein fyrir yfirstandandi vinnu við undirbúning að nýju útboði aksturs vegna ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, tillögum Strætó bs. að bættu fyrirkomulagi og samsetningu bílaflota og hugmyndum að nýrri kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna byggt á raunnotkun hvers og eins. Ennfremur var gerð grein fyrir tillögum vegna endurskoðunar á sameiginlegum reglum og þjónustulýsingu vegna verkefnisins.

Umræður

Niðurstaða:

Fyrir liggur að ljúka sem fyrst mótun endanlegrar tillögu um áframhaldandi samstarf sveitarfélaganna um rekstur sameiginlegrar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á grunni ofangreindrar vinnu. Stefnt er að því að fjármálastjórar sveitarfélaganna rýni á næstu dögum fyrirbyggjandi tillögur að kostnaðarskiptingu í verkefninu og tillögur samráðsvettvangs velferðarsviða vegna sameiginlegra reglna og þjónustulýsingar verða með sama hætti tilbúnað innan fárra daga.

Á grundvelli ofangreinds verður mótuð tillaga sem kynna þarf sem fyrst í öllum sveitarfélögunum.

Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að setja upp tímaplan vegna lokavinnslu málsins þar sem m.a. verði horft til sameiginlegs kynningarfundar á tillögunni.

2. Skíðasvæðin – tillaga samráðsnefndar um framkvæmdaáætlun 2019–2025 (án sérframlaga í samræmi við samkomulag frá 7. maí 2018) og staða undirbúnings vegna útboðs á endurnýjun lyftubúnaðar og snjóframleiðslu /málsnr. 1501005

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Stefán G. Thors frá VSÓ

a) Staða undirbúnings framkvæmda vegna endurnýjunar og uppbyggingar á mannvirkjum og snjóframleiðslu

Farið var yfir stöðu máls. Útboðsgögn eru nánast tilbúin, en tímasetning útboðs ræðst af niðurstöðu og svari Skipulagsstofnunar um hvort þörf er á umhverfismati framkvæmda vegna þessa verkefnis.

Stefán G. Thors gerði grein fyrir yfirstandandi vinnu við gagnaöflun vegna innkominna athugasemda og umsagna vegna málsins og upplýsti að endurbætt greinargerð yrði send Skipulagsstofnun í vikunni. Bíða þarf eftir niðurstöðu Skipulagsstofnunar áður en hægt verður að taka ákvörðun um útboð vegna framkvæmdanna.



b) Framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna 2019–2025

Fyrir fundinum lá erindi frá samráðsnefnd um rekstur skíðasvæðanna, þar sem óskað er eftir því að eigendanvettvangur skíðasvæðanna samþykki tillögu að árlegu 75 m.kr. framkvæmdafé vegna framkvæmda á skíðasvæðunum sem falla undir ákvæði í samningi sveitarfélaganna um árleg rekstrar- og framkvæmdaframlög vegna skíðasvæðanna.

Magnús Árnason framkvæmdstjóri skíðasvæðanna gerði grein fyrir tillögunni.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að senda tillöguna til aðildarsveitarfélaganna.

Í ljósi þessa að núgildandi samningur sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna rennur út í lok þessa árs, þá telur stjórn rétt að hafinn verði undirbúningur að endurnýjun samningsins, og telur rétt að framkvæmdastjóri SSH og forstöðumaður ÍTR hefji þá vinnu sem fyrst.

3. Tillaga um fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn /málsnr. 1902004

Fyrir lá tillaga um ofangreind málefni frá fundi Jónsmessunefndar ríkisins þar sem sett er fram hugmynd um talmeinaþjónusta verði skilgreind sem skólaþjónusta og þannig færð yfir til sveitarfélaganna.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn telur ýmislegt óskýrt í máli og telur rétt að fá fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga til viðræðna um málið á næsta stjórnarfundi.

4. Starfsmannamál /málsnr. 1811005

Stjórnarformaður gerði grein fyrir úrvinnslu umsókna sem bárust eftir að starf framkvæmdastjóra SSH var auglýst.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að gengið verði til samninga við Pál Björgvin Guðmundsson fyrrverandi bæjarstjóra í Fjarðabyggð um starf framkvæmdastjóra SSH.

5. Önnur mál

a) Tilnefning eins fulltrúa í minjaráð /málsnr. 1812001

Í ljósi forsendubrests við tilnefningu fulltrúa í Minjaráð á 465. stjórnarfundi hefur verið óskað eftir nýrri tilnefningu í stað Sólveigar Helgu Jóhannsdóttur, Garðabæ.

Samþykkt að tilnefna Auði Dagnýju Kristjánsdóttur arkitekt á skipulagssviði Kópavogsbæjar.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50